

Haftengd upplifun og útivist í Grafarvogi!

Strandlengjan er vogurinn sjálfur, strandlengjan við Bryggjuhverfið, meðfram Hamrahverfi, Gufunes, eyðið, Geldinganes og norður ströndin upp að Korpu.



Starfshópur um haftengda upplifun og útivist óskaði eftir samráði við íbúaráð í Reykjavík. Málið var rætt á fundi íbúaráðsins Grafarvogs 07.11.2022. Fyrir fundinn hafði formaður ráðsins, Fanný Gunnarsdóttir, undirbúið málið með grunninn af minnisblaði þessu sem ákveðið var að vinna áfram með og skila tillögum inn til starfshópsins fyrir 14.11.2022 eins og óskað hafði verið eftir.

Mikil tækifæri eru á að auka haftengda upplifun íbúa Reykjavíkur í Grafarvogi og Bryggjuhverfi. Helstu tækifærin sem við teljum einfalt og ekki kostnaðarsamt að hrinda í framkvæmd eru eftirfarandi en nánari greining og fleiri tillögur koma síðar:

- A. Bæta við fleiri fræðsluskiltum við alla strandlengjuna – líffræði, saga og jarðfræði.
- B. Fjölga bekkjum / borðum við fjöruborðið.
- C. Skapa og auglýsa aðstöðu til dorgveiða.
- D. Hreinsa núna fjöruna fyrir aftan kvikmyndaver Rvk Studio og neðan við SORPU í Gufunesi þó svo að fyrir liggja hugmyndir að skipulagi sem koma vart til framkvæmda á næstu árum.

Önnur tækifæri sem kosta vonandi ekki of mikið:

- E. Koma upp öðru fuglaskoðunarhúsi norðanmegin í Grafarvogi - horfa til þess sem gert hefur verið á Borgarfirði eystri.
- F. Tryggt öruggt aðgengi ofan í sandfjörur á völdum stöðum – stígar / stígar m.a. í Hamrahverfi en þar er búið að hanna og bjóða út einn stiga
- G. Ýta undir líf við bryggjuna í Bryggjuhverfinu eins og lagt var upp með þegar hverfið var skipulagt – sjávarréttastaðir og kaffihús.

Almennt þá er mikilvægt að auka óheft aðgengi að strandlengjunni. Það væri best gert með því að lengja göngu og hjólastíginn sem liggur undir Hamrahverfinu áfram meðfram ströndinni upp að afleggjarnaum inn á Geldingarnesið.

Leiðarljós: Að raska ekki eða sem minnst ósnortinni fjöru á svæðinu. Skapa upplifun og tengsl við óspillta náttúru, tryggja kyrrð og ró, fræðslu, gott aðgengi og öryggi. Hafa þarf hugfast að öll norðurströndin út í Geldinganes er að mestu ósnortin og þarf því að vernda. Ósnortnar strendur við Reykjavík eru ekki svo margar. Þar er fjölbreytt líf í fjöru og á skerjum / fitjum undan ströndinni – nú skilgreint svæði með hverfisvernd.

- Þar sem vogurinn ofan Gullinbrúar er á náttúruminjaskrá og mikilvægur viðkomustaður farfugla, sérstaklega vaðfugla og fæðukista verður lítið gert þar annað en viðhalda fuglaskoðunarhúsi og göngustígnum allan hringinn.
- Tryggt öruggt aðgengi ofan í sandfjörur á völdum stöðum – stígar / stigar m.a. í Hamrahverfi en þar er búið að hanna og bjóða út einn stiga.
- Tengja alla strandlengjuna með göngu – og hjólastígum. Enn vantar tengingu frá hluta af Gufunesi meðfram ströndinni og yfir á norðurströndina.
- Fyrirmyndaraðstaða til sjóbaða – heitir pottar eða laugar hlaðnar úr sjávargrjóti við eyðið út í Geldinganes. Skýli tengt sjóðböðum er að verða tilbúið. Nú er fólk að fara í sjóinn fyrir neðan kvikmyndaverið og nýtir þar gamla bryggju sem er á móts við austur enda Viðeyjar. Að sögn er búið að koma þar upp vísi að potti og stundum boðið upp á gufubað. Skýli með útisturtu er komið upp á eiðinu út í Geldinganes.
- Koma upp aðstöðu til að geyma seglskútur o.fl. uppi á landi í Gufunesi – ef gera á gömlu bryggjuna upp er gott svæði þar.
- Koma upp á nokkrum stöðum aðstöðu til að hlusta á sjávarhljóð, öldur, brim og hljóð í fuglum, sel.....
- Útbúa varanlega aðstöðu fyrir kajakræðara, sjóketti (hávaði?), brimbretti og seglbretti.
- Koma upp aðstöðu fyrir siglinganámskeið fyrir börn og unglunga – Bryggjuhverfið eða Gufunes.
- Ýta undir líf við bryggjuna í Bryggjuhverfinu eins og lagt var upp með þegar hverfið var skipulagt – sjávarréttastaðir og kaffihús.
- Skapa aðstöðu til dorgveiða – út frá Bryggjuhverfi eða frá bryggjunni í Gufunesi ef henni verður haldið við. Þar er fólk að veiða í dag og nýtir bryggjuna.
- Fræðsluskilti alla strandlengjuna – fjallahringurinn – þang og þari – sjófuglar – landsel / sellátur - krabbar og skeldýr, lax... fæðukeðjur og fæðuvefur. Muna eftir á og læk sem renna út í sjó á þessu svæði – Grafarlækur og Korpa – lífríki við árósa!
- Útbúa aðgengileg fræðsluöpp um lífríki fjörunnar til að nýta í skipulögðum fjöruferðum skólabarna eða í almennri útivist. Á sama hátt má útbúa efni tengt jarðfræði og sögu svæðisins.
- Koma upp öðru fuglaskoðunarhúsi norðanmegin - horfa til þess sem gert hefur verið á Borgarfirði eystri.
- Fjölga bekkjum / borðum og koma upp sorpílátum við fjöruborðið – tengja við þessa áningastaði listaverkum úr fjörugrjóti, fræðsluskiltum o.fl.
- Koma upp líkamsræktartækjum við göngustíga meðfram ströndinni.

Spurningar:

- Verður almenningi tryggt aðgengi að fjörunni við kvikmyndaver Rvk Studio og neðan við SORPU í Gufunesi?
- Hvað um aðgengi gangandi og hjólandi út í Geldinganes og um nesið? Ath. þarf að loka á vorin á varptíma sbr. Gróttá?
- Verður af hugmyndinni um „bátastrætó“ frá vistþorpinu?
- Hverju breytir tilkoma Sundabrautar?

Minnisblað íbúaráðs Grafarvogs
um haftengda upplifun í hverfunum
Reykjavík - 11.11.2022

- Hverju kæmi brú út í Viðey til með að breyta? Þá opnaðist reyndar heill nýr heimur!

Nokkrar myndir – frá botni Grafarvogs, fuglahúsið, frá Bryggjuhverfi, úr fjörunni við Bryggjuhverfið, ströndin í norðanverðu Hamrahverfi, lítill bryggja og strönd í Gufunesi, einnig staður til að geyma skútur og aðstaða fyrir útiböð / gufu, eyðið sem liggur út í Geldinganes og umhverfi þess, búningsaðstaða og útisturta, horft yfir á Geldinganes, norðurströndin og inn að Korpu.



Minnisblað íbúaráðs Grafarvogs
um haftengda upplifun í hverfunum
Reykjavík - 11.11.2022

